

Dags eftirlits	10.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Nordic Fish Leather	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Strandgata 25	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6012190930	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Hlynur Ársælsson	ÍSAT nr.	15.11.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirliti: 1) Efni voru geymd án lekabyttna. 2) Fullnægjandi trygging vegna bráðamengunar var ekki til staðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða sútunarverksmiðjuna Nordic Fish Leather á Tálknafirði. Heimild er til að hreinsa og súta 15 tonn af fiskroði á ári. Starfsleyfið gildir til 5. maí 2041.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

- Engin opin frávik voru frá síðasta eftirliti.
- Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.
- Rekstraraðili er með nýtt starfsleyfi sem var gefið út 5. maí 2025. Farið var yfir nýja starfsleyfið með rekstraraðila. Rekstraraðili var minntur á að skila inn ársyfirliti og umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 fyrir 1. maí nk.
- Mælingar fyrir árið 2025 verða skoðaðar í næsta eftirliti.
- Fullnægjandi trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda var ekki til staðar. Fullnægjandi trygging barst Umhverfis- og orkustofnun 15. október 2025 og er fráviki lokað.
- Engin efnageymsla var til staðar, tuttugu og átta 200 lítra tunnur voru geymdar inn í starfaðstöðu án lekabyttna, í öðru rými voru tvær 200 lítra olíutunnur geymdar án lekabyttna.
- Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 2.6 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal hafa ábyrgðartryggingu sem Umhverfis- og orkustofnun

metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr laga nr. 33/2002.
Fullnægjandi trygging barst 15. október 2025, frávikin er lokað.

gr. 3.5 í starfsleyfi.

Efni voru geymda án lekabyttna.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 03.11.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir